

Pippi's diary in Vesturborg Iceland



January - March 2013

Vesturborg preschool

Heimsókn Línu á Norðurbæ Skólalíf



Börnin á Norðurbæ voru mjög spennt að fá Línu til sín og þau ætla að fræða ykkur um skólalífið og matinn á Vesturborg. Línu fannst gaman að vera með litlu börnunum og var dugleg að taka þátt í starfinu á deildinni. Dagurinn hefst kl: 7:30 og þá koma fyrstu börnin. Við söfnumst saman á einni deild og síðan opna allar deildir kl:8:00 og þá fara börnin á sína deild. Það eru 78 börn á Vesturborg á aldrinum 2-6 ára og flest börnin eru með vistun allan daginn þ.e. 8-9 tíma. Leikskólinn er opinn frá 7:30-17:00 og þá fara allir heim með mömmu og pabba þreytt og glöð. „Allir eru vinir á Vesturborg“ eru okkar einkunnarorð.



Við vinnum mikið með virðinguna og vináttuna og börnin læra að vinna úr sínum málum með okkar aðstoð. Frjáls leikur er alsráðandi á yngstu deildunum, þannig læra börnin svo mikið í samskiptum við hvert annað. Börnin á Vesturborg eru mjög dugleg og þau læra mikið í skólanum og fara oft í ferðir um næsta nágrenni. Börnin fara í danskennslu, sundnámskeið og eru í íþróttum í KR sem er félagsliðið okkar. Lína er búin að bralla ýmislegt og allir haft mjög gaman af, hér er dagbókin hennar frá Vesturborg.



Pippi's visit in Norðurbær Daily life in the school



The kids in Norðurbær were very excited to have Pippi over for a visit and they are going to tell her, and you, about the daily life in Vesturborg and the food they eat. Pippi enjoys spending time with the youngest kids and was an active participant during her stay. The day at Vesturborg starts at 7:30 when the first children arrive. We gather in one ward and then at 8:00 the other wards open and each kid goes to their ward. There are 78 children in the school ranging from the ages 2-6 year old and most of the kids stay for the whole day, i.e. 8-9 hours. The preschool is open from 7:30-17:00 when everyone goes home with their mom and dad tired but happy. "Everyone is friends in Vesturborg" is our motto.



We deal a lot with the ideas of respect and friendship and the children learn to work out their differences with our assistance. Free play is one of the major aspects of daily life in the youngest ward; the reason is that the children learn so much by communicating with each other. The children in Vesturborg are very diligent and learn a lot in school and take a lot of trips around their neighbourhood. The kids learn dancing, swimming and take P.E. at KR which is the local sports-club. Pippi has experienced a lot of things and everybody has enjoyed her stay. Here is her diary of what she has been doing.



Matur



Lína Langsokkur byrjaði daginn hjá okkur með því að fá sér hafragraut með mjólk og rúsínum og síðan fékk hún Lýsi eftir matinn en það olía sem er unnin úr fiskifitu og er m.a. mjög rík af Omega-3 fitusýrum og A og D vítamínum. Börnin á Vesturborg taka eina skeið af Lýsi á hverjum morgni og verða sjaldan veik. Lína er búin að vera mjög frísk allan tímann sinn á Vesturborg ☺



Maturinn sem við borðum í skólanum er mjög hollur., Kristý kokkurinn okkar eldar matinn okkar á hverjum degi og notar til þess aðeins ferskt hráefni. Við fáum alltaf fisk tvisvar í viku og hina dagana er annar hollur matur. Einnig borðum við mikið af ávöxtum. Línu fannst best að borða þorramat en það er matur sem var borðaður í gamla daga (m.a. víkingarnir borðuðu hann). Maturinn er súr og geymist þess vegna vel og einnig fannst henni gott að borða hákarl þó að hann væri svolítið bragðsterkur. Okkur á Norðurbæ finnst langbest að fá soðinn fisk með kartöflum og smjöri.



Food



Pippi Longstocking started her day with us by having breakfast which consisted of porridge with milk and raisins. After eating she had some Lýsi, which is cod liver oil rich in Omega-3 acids and vitamin A and D. The children at Vesturborg take one spoon of Lýsi every morning and are rarely ill. Pippi has been in very good health while she's been at Vesturborg. 😊



The food we eat in school is very healthy. Our chef, Kristy, cooks our food every day from fresh ingredients. We always eat fish twice a week and the rest of the week we eat other healthy food. We also eat a lot of fruits. Pippi liked the [porramatur](#) best, that is food that was eaten in the olden days (the Vikings ate it). The food is pickled and therefore keeps well. She also liked eating cured shark, even though the taste was a bit strong. The kids in Norðurbær like cooked fish with potatoes and butter the best.



Heimsókn Línu Langsokks á Miðbæ



Börnin á Miðbæ voru full tilhlökkunar að fá Línu Langsokk í hópinn sinn og ætla þau ásamt henni að sýna ykkur listaverkin sem eru í hverfinu okkar og einnig fatnað á Íslandi fyrr og nú. Börnin á Miðbæ eru fædd á árunum 2008-2010. Þau fara í gönguferðir einu sinni í viku ýmist hér í hverfinu eða niður í bæ. Stundum tökum við strætó og förum þá í lengri vettvangsferðir t.d. í Húsdýragarðinn. Í hverfinu okkar eru nokkur listaverk og förum við í gönguferðir til taka myndir fyrir ykkur.



Listaverkið til vinstri heitir Íslandsmerki og er til minningar um stofnun Lýðveldi Íslands árið 1944. Listaverkið Útlagar er hægri myndin og er fyrsta íslenska listaverkið sem Listasafn Íslands eignaðist árið 1904.



Listaverkið til vinstri heitir Björgun. Það stendur í fjörunni okkar og sýnir mann bjarga öðrum úr sjávarháska. Myndin í miðjunni er af gömlum beitiskúrum og bát, þarna var fiskur unninn í gamla daga. Myndin lengst til hægri er af þeim fiskum sem veiddir eru.

Pippi's visit in Miðbær Our neighbourhood



The children in Miðbær were really excited to have Pippi visiting them. They are going to tell her, and you, about the sculptures that are in our neighbourhood as well as how Icelanders dress, both nowadays and in the olden times. The children of Miðbær are born between 2008 and 2010. They go for a walk once a week, either around the neighbourhood or downtown. Sometimes they take a bus and go on longer excursions such as the Domestic Animal Zoo of Reykjavík. There are some sculptures around in our part of town and the kids went for a walk to take pictures for you.



The sculpture on the right is called "The Iceland Symbol" and is a monument of the establishment of the Icelandic republic in 1944. The one on the left is called "Outlaws" and is the first Icelandic piece of art that the Icelandic National Gallery in 1904



The photo on the right is of some old baiting sheds and a boat, fish was processed there in the olden days. The middle picture is of a sculpture called "Rescue" and depicts a man saving another one from dangerous sea conditions. The photo to the left is a sculpture of the fish that is or has been caught through the years.

Fatnaður



Við förum á Þjóðminjasafnið þar sem er fullt af fatnaði og skarti síðan í gamla daga og hlutir sem voru notaðir til matargerðar. Í okkar leikskóla eru ekki skólabúningar og börnin koma í því sem þau vilja. Veðrið á Íslandi er mjög breytilegt og við förum út að leika á hverjum degi, því er mjög mikilvægt að hafa hlý og góð föt í leikskólanum. Við þurfum að nota pollagalla, kuldagalla, húfur og vettlinga, stígvél og kuldaskó ásamt auka fötum ef við blotnum úti.



Hér má sjá myndir af gömlum fatnaði og nýjum.



Börnin á Vesturborg eru mikið úti allan ársins hring.

Clothes



We took Pippi to the National Museum where there are exhibits of the clothes and jewelry people wore in the olden days and objects that were used to making food. There are no uniforms in our preschool so the kids wear what they want to. The weather in Iceland is very varied and they we play outside everyday so it is very important to have warm and durable clothes at school. The children need rain suits, snowsuits, hats and mittens, boots and snow boots, as well as extra clothing if we get wet outside.



These are examples of old fashioned clothes



The children of Vesturborg spend a lot of time outside all year round

Heimsókn Línu á Suðurbæ

Íþróttir



Þegar Lína kom á Suðurbæ voru krakkarnir einmitt að fara í íþróttatíma í KR. Þangað fara krakkarnir einu sinni í viku og leika sér í rimlunum, köðlunum, í öðru dóti eða með bolta. Krakkarnir fara í íþróttir í hverri viku, annað hvort í KR eða í salinn okkar. Stundum förum við út og leikum okkur þar. Við förum líka í dans og sund.



Sumir krakkarnir fara svo í aðrar íþróttir þegar leikskólinn er búinn á daginn. Sumir fara í fótbolta, aðrir í fimleika og enn aðrir í karate. Svo eru einhverjir sem æfa ballett eða handbolta, sem er þjóðaríþrótt Íslendinga. Krökkunum finnst líka gaman að fara á skíði eða snjóþotur á veturna.



Pippi's visit in Suðurbær Sports



When Pippi arrived in Suðurbær, where the oldest kids are, they were about to go to a P.E. class in KR. The kids go there once a week and play with the ropes, wall bars, other equipment or with a ball. The kids in Suðurbær go to P.E. class once a week, either in KR or in our own gym. Sometimes we go outside and play instead of P.E. We also have dancing and swimming lessons.



Some of the kids practice sports after the preschool is over for the day. Some play football, other practice gymnastics and a few do Karate. Then there are kids who do ballet or handball, which is the Icelandic national sport. The kids, and Pippi, also like skiing or sledding in the wintertime.



Íslenskt landslag



Börnin á Suðurbæ kenndu Línu um landslagið á Íslandi. Þau sögðu henni frá öllu því skrítna sem er úti í náttúrunni hérna. Lína lærði að það eru stór og köld fjöll á Íslandi. Það eru líka stórir jöklar hérna og er Vatnajökull stærsti jökullinn á Íslandi og í Evrópu. Vatnsmesti foss Evrópu er líka á Íslandi, en hann heitir Dettifoss.



Lína lærði einnig að sum fjöllin á Íslandi geta gosið. Þau fjöll heita eldfjöll. Það rennur eldur úr svoleiðis fjöllum og hann getur kveikt í trjánum. Þegar eldurinn kólnar verður hann að steini. Þessi eldfjalla-eldur kallast hraun. Það er mikið af vatni á Íslandi, bæði heitu og köldu. Heita vatnið er í jörðinni og kalda vatnið í ám og lækjum. Stundum gýs heita vatnið upp úr jörðinni í goshverum. Vegna þess hve mikið er af heitu vatni hérna, þá eru margar sundlaugar á Íslandi – sundlaugar með heitu vatni.



Icelandic landscape



The children of Suðurbær taught Pippi about the Icelandic landscape. They told her about all the different things that exist in the Icelandic nature. Pippi learned that the mountains of Iceland are big and cold. There are also large glaciers in Iceland and Vatnajökull (lake glacier) is the biggest glacier in Iceland and in Europe. Iceland also has the most powerful waterfall in Europe which is called Dettifoss (falling waterfall).



Pippi also learned that some of the mountains in Iceland can erupt. Those mountains are called volcanoes. Fire runs from those mountains and can make the trees burn. When the fire cools down, it turns into stone. This fire is called lava. There is a lot of water in Iceland, both hot and cold. The hot water is underground and the cold water is in rivers and springs. Sometimes the hot water erupts from the earth in geysers. Because there is so much hot water in Iceland, there are many swimming pools here – swimming pools with hot water.

